

## Fundargerð.

### Stjórnarfundur nr. 78.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn fimmtudaginn 26. maí kl 17:00 í síma. Á fundinum voru Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Jón Sigurðsson, Gunnar Svavarsson frá Eflu og Fannar Viggósson starfsmaður Norðurá.

#### Dagskrá

- Útboðs- og verklýsing vegna stækkunar á urðunarhólfi.
- Önnur mál.

#### 1. Útboðs- og verklýsing vegna stækkunar á urðunarhólfi.

Gunnar Svavarsson lagði fram drög að útboðs og verklýsingu fyrir stækkun á urðunarhólfi í Stekkjarvík sem gera þarf í haust. Gunnar gerði grein fyrir hinum ýmsu þáttum framkvæmdarinnar og þeir ræddir. Nokkrar smávægilegar breytingar gerðar. Samþykkt að auglýsa eftir útboðum í verkið í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu helgina 28 og 29. maí. Jafnframt samþykkt að Magnús hafi samband við Verkfræðistofuna Stoð og kanni möguleika á eftirliti með verkinu.

#### 2. Önnur mál

Engin

Fundi slitið kl. 18:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Jón Sigurðsson

Ólöf Jósepsdóttir